



Icelandic Lamb

Hagatorg 1, 107 Reykjavík, Iceland
☎ +354-563-0330 ✉ info@icelandiclamb.is
icelandiclamb.org

Rökstuðningur dómnefndar Icelandic Lamb Award of Excellence 2018

Anna Þóra Karlsdóttir – Rökstuðningur á vali dómara

Listakonan Anna Þóra Karlsdóttir á glæsilegan feril að baki en fyrir utan myndlistakennslu um árabíl s.s. í Myndlistaskóla Akureyrar, Myndlistaskóla Reykjavíkur, Myndlista- og handíðaskóla Íslands, Listaháskóla Íslands og mörgum grunnskólum í Reykjavík og út á landi, hefur hún tekið þátt í hátt í 50 samsýningum bæði hérlendis og erlendis. Þá hefur hún haldið fjölmargar einkasýningar og um 12 ára skeið tók hún þátt í rekstri listmunaverslunarinnar Kirsuberjatréð.

Listrýnar hafa ævinlega lokið miklu lofsorði á sýningar Önnu Þóru og telja hana í broddi fylkingar í listsköpun. Yrkisefni Önnu Þóru hefur gjarnan verið náttúran og lífsbaráttan og efniviðurinn íslenska ullin. Hráefnið og vinnsla þess skipta meginmáli í list Önnu Þóru og hún hefur lagt sig eftir að kynnst sem flestum vinnuaðferðum við myndvefnað. Íslenska ullin er afar gjöfult efni í myndvefnaði og hefur Anna Þóra tvímælaust mikla þekkingu og tilfinningu fyrir ullinni. Hún nýtir þá sérstöku eiginleika og áferð sem íslenska ullin býr yfir og leyfir því að njóta sín í verkum sínum.

Heimasíða: www.athkarls.com

Hespa – Rökstuðningur á vali dómara

Guðrún Bjarnadóttir náttúrufræðingur hefur alltaf haft áhuga á handverki og hannyrðum en líka mikinn áhuga á náttúrunni og grösom. Hún hefur safnað að sér upplýsingum um grasnytjar og þjóðtrú tengda plöntum í mörg ár, en nytjar á villigróðri hafa fylgt Íslendingum frá landnámi og án efa haldið tórunni í fólki í harðærum. Í framhaldi af almennum áhuga á grasnytjum fékk Guðrún fljótlega áhuga á litun með jurtum og í dag rekur hún jurtalitunarvinnustofuna Hespuhúsið í Borgarfirði. Jurtalitunin tengir áhugamál og starf Guðrúnar vel saman. Guðrún notar sumrin til að safna jurtum og þurrkar hluta þeirra til að eiga fyrir veturinn. Á vinnustofu sinni litar hún einband með íslenskum jurtum og selur undir nafninu Hespa.

Guðrún hefur mjög ötul við að dreifa boðskap íslensku ullarinnar og tekið á móti mörgum hópum á vinnustofu sinni, enda er fólk mjög áhugasamt að fræðast meira um litunina á ullarbandinu og kíkja í pottana. Guðrún miðlar virkilega vel þekkingu sinni á hráefninu ásamt gæðum þess og möguleikum með náttúrulegri litun. Framsetning á efninu er fagleg og skemmtileg, og nýtir vel vefmiðla.

Heimasíða: <https://www.icelandcolors.com/>

Philippe Ricart – Rökstuðningur á vali dómara:

Philippe Ricart er einn af okkar fremstu listhandverksmönnum og hefur starfað á Íslandi í áratugi. Hann er nú búsettur á Akranesi, er fæddur í Frakklandi, þar áður var hann búsettur á Ísafirði og Bolungarvík. Philippe er búfræðingur að mennt og hefur alltaf haft mikinn áhuga á handverki og listiðnaði. Á Ísafirði fór hann á námskeið hjá Guðrúnu Vigfúsdóttur þar lærði hann að vefa og síðar



vann hann hjá Vefstofu Guðrúnar í nokkur ár. Framleiðsla vefstofunnar var þekkt um allt land og einnig erlendis.

Philippe er mikilsvirtur listhandverksmaður og hefur einnig kennt á námskeiðum í mörg ár. Philippe er mjög fjölbær, vinnur sín verk mest úr íslensku hráefni og þá helst úr íslensku ullinni. Hann vinnur handofnar væðarvoðir, sjöl og trefla úr íslensku bandi, með fjölbreyttum aðferðum, t.d. salunsvefnaði og vaðmálsáferð, bæði fléttað vaðmál og víxlað vaðmál.

Hönnun hans, aðferðir og tilfinning fyrir hráefninu þ.e. íslensku ullinni er einstaklega góð. Hann leggur mikla áherslu á að viðhalda gömlu íslensku handverki.

Heimasíða: <https://www.facebook.com/philippe.ricart.1>

Uppspuni – Rökstuðningur á vali dómara

Smáspunaverksmiðjan Uppspuni hóf starfsemi sína haustið 2017 og voru það bændurnir Hulda Brynjólfssdóttir og Tyrfingur Sveinsson sem komu henni á fót. Verksmiðjan er hugsuð til þess að auka verðmæti sauðfjárafurða ásamt því að koma með mýkra vélsþunnið band á markað en hægt er að fá í dag. Hjónin eru með sauðfjárþú og fyrst og fremst er unnið úr ull sem fellur til á búinu, en þau munu einnig kaupa ull af bændum og framleiða úr henni og framleiða band fyrir aðra úr ullinni þeirra. Býður þetta upp á óendanlega möguleika, t.d. á nýtingu á ull af uppáhaldskindum eða heilli hjörð. Hægt er að vinna allt niður í eitt kíló í einu og að velja um grófleika á bandið. Einnig er hægt að tvinna það og þrinna allt eftir þörfum.

Þetta er glæsilegt framtak þar sem mikill metnaður er lagður í að skapa aukna fjölbreytni í nýtingu á íslenskri ull. Framtak sem á eftir að nýtast bæði bændum og handverksfólki.

Heimasíða: www.uppspuni.is

Yarm – Rökstuðningur á vali dómara

Erla Svava Sigurðardóttir hennar og framleiðir ullarvörur undir merkinu YARM. Hún notar eingöngu sérvalda íslenska ull og þykka garnið sem er sérkenni Yarm er handþunnið á rokk af natni og vandvirkni áður en það er handþrjónað, hnýtt eða heklað með þrjónalausum aðferðum. Mikið handverk liggur að baki hverrar vöru sem gefur vörunum sín sérkenni og karakter sem vert er að halda uppá, því hver vara er einstök og engar tvær eru eins.

Erla Svava gaf sér þó nokkra mánuði í vöruþróun, að finna réttu aðferðina við að spinna og þæfa gróft og þykkt garn. Það tók víst nokkuð á að fá íslensku ullina til samstarfs, að ná garninu notendavænu og endingargóðu. Afrakstur þess er mjög sérstakt garn og vörur Yarm frábrugðnar öðrum hér á landi. Sérkenni hönnunar Yarm er sterkt og heilstætt, og nýtingin á ullinni er í nýju samhengi. Virkilega spennandi og fersk hönnun sem vert er að fylgjast með. Að auki er allt efni Yarm er ákaflega faglega framsett og mjög vel miðlað.

Heimasíða: <http://yarm.shop>

